

MINNISBLAÐ

Til: Steinunnar Fjólu Sigurðardóttur skrifstofustjóra í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu.

Frá: Umhverfisstofnun.

Dagsetning: 21.06.2024

Efni: Endurskoðun laga um stjórn vatnamála

Eftirfarandi minnisblað er unnið að beiðni ráðuneytisins og hefur að geyma umfjöllun um brýna nauðsyn þess að fram fari endurskoðun á lögum um stjórn vatnamála. Við framkvæmd laganna undanfarin ár og vinnu við gerð fyrstu Vatnaáætlunar Íslands hafa komið í ljós fjölmörg atriði er varða túlkun laganna sem skýra þarf betur. Helstu álitamálin lúta annars vegar að innleiðingu umhverfismarkmiða tilskipunar 2000/60/EB (Vatnatilskipunarinnar) eins og þau hafa verið túlkuð af ESB-dómsstólnum og hins vegar að málsmeðferðarreglum um undanþágur frá umhverfismarkmiðunum. Mikilvægt er að samhengi þeirra sé skýrt við alla ákvörðunartöku, áætlanagerð og leyfisveitingar stjórnvalda. Skýra þarf því orðalag og ákvæðin um umhverfismarkmiðin í III. kafla laganna og setja fram málsmeðferðarreglur, skýr viðmið og kröfur fyrir framkvæmd laganna.

Umhverfismarkmið laganna

Umhverfismarkmið 4. gr. Vatnatilskipunarinnar og meginreglur hennar eru lagalega bindandi.

¹ Ákvæði gr. 4(1) skyldar aðildarríkin í stuttu máli til að:

- gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að ástand yfirborðs- og grunnvatnshlots rýrni (reglan um bann við rýrnun), sbr. gr. 4(1)(a)(i) og (b)(i).
- vernda, styrkja og endurheimta öll vatnshlot með það að markmiði að ná góðu ástandi yfirborðsvatnshlots og grunnvatnshlots, að undanskildum manngerðum og mikið breyttum vatnshlotum (reglan um að ná góðu ástandi), sbr. gr. 4(1)(a)(ii) og (b)(ii).

Aðildarríkjunum ber jafnframt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að draga jafnt og þétt úr mengun; af völdum forgangsefna í yfirborðsvatnshlotum (gr. 4(1)(a)(iv) og snúa við leitni í styrk mengunarvalda af völdum starfsemi manna í grunnvatnshlotum (gr. 4(1)(b)(iii).

Með öðrum orðum setur ákvæðið fram tvær nátengdar efnislegar kröfur; Annars vegar kröfu um fyrirbyggjandi aðgerðir og er vísað til hennar sem *reglunnar um bann við rýrnun í Weser-málinu*. Hins vegar kröfu um virkar aðgerðir sem miða að því að ná góðu ástandi vatnshlota.

¹ Sjá m.a. dóma ESB dómstólsins í málum; C-461/13 (*Weser-málið*), EU:C:2015:433, p. 43; C-346/14 (*Schwarze Sulm-málið*), EU:C:2016:322, p. 53-55, C-535/18 (*Detmold-málið*), EU:C:2020:39, p. 72 og C-559/19 (*Doñana-málið*), EU:C:2021:512, p. 43.

Ákvæði laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála sem ætlað er að innleiða umhverfismarkmið gr. 4(1) Vatnatilskipunarinnar eru rýr og dreifð. Til að átta sig á inntaki þeirra þarf að lesa saman mismunandi ákvæði laganna, ákvæði reglugerðar nr. 535/2011 og Vatnaáætlun.

Í 5. mgr. 11. gr. laganna segir að í Vatnaáætlun skulu sett umhverfismarkmið sem eru í samræmi við ákvæði III. kafla (þ.e. 11. gr. – 18. gr.). Þrátt fyrir að ekki sé að öðru leyti minnst á umhverfismarkmið í 11. gr. er í öðrum ákvæðum III. kafla sérstaklega á því byggt að greinin innihaldi umhverfismarkmið, n.t.t. í 15. gr. (um fresti), í 16. gr. (um vægari umhverfismarkmið) og í 18. gr. (um breytingu á vatnshloti). Einnig er vísað til umhverfismarkmiða 11. gr. í c-lið 1. mgr. 20. gr., 12. gr. og í 4. mgr. 21. gr. laganna.

Í 12. gr. laganna er fjallað um umhverfismarkmið fyrir yfirborðsvatn og grunnvatn. Ákvæðið er svohljóðandi: „*Vernda skal yfirborðs- og grunnvatnshlot og tryggja að ástand þeirra versni ekki. Ástand þeirra skal styrkja og endurheimta með það að markmiði að efnafræðilegt ástand sé að lágmarki gott. Þá skal tryggja sjálfbæra nýtingu grunnvatns þannig að jafnvægi sé milli vatnstöku og endurnýjunar.*” Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpinu sem varð að lögum nr. 36/2011 segir að ákvæði í þessari grein séu til innleiðingar á gr. 4(1)(a og b) Vatnatilskipunarinnar. Umfjöllun 12. gr. er þó hvergi nærri tæmandi hvað varðar þau ákvæði sem henni er ætlað að innleiða.

Skýra þarf orðalag og endurskrifa ákvæðin um umhverfismarkmiðin þannig að lögin endurspegli réttan skilning á Vatnatilskipuninni og með hliðsjón af því hvernig ESB-dómstóllinn hefur túlkað ákvæði hennar og meginreglur í nýlegum dómum. Lagt er til að III. kafla laganna verði endurskoðaður í heild sinni í þessu skyni.

Þá, varðandi Vatnaáætlun, telur Umhverfisstofnun að taka eigi til skoðunar hvort tryggja eigi lögformlegt gildi Vatnaáætlunar með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Eins og áður segir kveður 11. gr. laganna á um að „í vatnaáætlun skulu sett umhverfismarkmið“. Í minnisblaði Aðalheiðar Jóhannsdóttur sem unnið var fyrir stofnunina bendir hún á að umhverfismarkmiðin séu ekki sett heldur verði öll umhverfismarkmið 4. gr. Vatnatilskipunarinnar að liggja fyrir í lögunum. Þá bendir hún á að í reglugerð nr. 535/2011 komi fram að upplýsingar um ástand skilgreindra vatnshlota skuli birta í vatnavefsja [landfræðilegu upplýsingakerfi]. Hins vegar skorti lagalega tengingu á milli laganna og þeirra upplýsinga sem koma fram í vatnavefsja.

Vegna þessa þarf að setja í lögin ákvæði sem tryggir réttaráhrif vatnavefsjár.

Samandregið:

- Skýra þarf orðalag og ákvæðin um umhverfismarkmiðin. Til að tryggja að lögin endurspegli meginreglur og umhverfismarkmið 4. gr. Vatnatilskipunarinnar eins og þau hafa verið túlkuð af ESB-dómstólnum er brýnt að endurskoða III. kafla laganna í heild sinni. Einnig

þurfa lögin að innihalda skýrari tengingu á milli umhverfismarkmiða laganna og upplýsinganna sem koma fram í vatnavefsja

Undanþágur frá umhverfismarkmiðunum skv. 18. gr. laganna

Eins og áður segir eru framangreind umhverfismarkmið 4. gr. Vatnatilskipunarinnar lagalega bindandi. Umhverfismarkmiðin taka einnig til einstaka framkvæmda sem valda rýrnun á ástandi vatnshlots. Aðildarríkjunum er skylt að hafna beiðni um leyfi fyrir framkvæmd sem veldur rýrnun eða skapar hættu á rýrnun á ástandi vatnshlots, nema undanþága skv. gr. 4(7) liggi fyrir. Meðan málsmeðferð fyrir leyfisveitingu framkvæmdar stendur yfir ber lögbæru stjórnvaldi að kanna hvort framkvæmdin/umsvifin kunni að hafa skaðleg áhrif á vatn þannig að fari gegn kröfunni um að koma í veg fyrir rýrnun vatnshlota eða kröfunni um að bæta ástand vatnshlota. Hafi framkvæmd slík áhrif ber lögbæru stjórnvaldi að leggja mat á það hvort skilyrði gr. 4(7) geti talist uppfyllt.

Samkvæmt gr. 4(7) *teljast aðildarríkin ekki brjóta í bága við tilskipunina* (þ.e. regluna um að ná góðu ástandi vatnshlots og regluna um bann við rýrnun)

ef,,

- ástæðuna fyrir því [að] ekki tókst að ná fram góðu ástandi vatns [...] eða koma í veg fyrir að ástand yfirborðsvatnshlots eða grunnvatnshlots versnaði má rekja til nýorðinna breytinga á eðlislænum eiginleikum yfirborðsvatnshlotsins eða grunnvatnsins
- ástæðuna fyrir því að ekki tókst að koma í veg fyrir að ástand yfirborðsvatnshlots breyttist úr mjög góðu ástandi í gott ástand má rekja til nýrra sjálfbærra umsvifa manna,

og að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum gr. 4(7)(a-d):

- (a) allar tiltækar ráðstafanir eru gerðar til að draga úr skaðlegum áhrifum á ástand vatnshlotsins,
- (b) ástæðurnar fyrir þessum breytingum eru sérstaklega tilgreindar og útskýrðar í stjórnunaráætluninni fyrir vatnasviðaumdæmið, sem krafist er skv. 13. gr. og markmiðin eru endurskoðuð á sex ára fresti
- (c) ástæðurnar fyrir þessum lagfæringum eða breytingum eru þyngrri á metunum vegna almannaheilla **og/eða** ávinningurinn af nýju breytingunum fyrir heilsu og öryggi manna eða sjálfbæra þróun vega þyngra en ávinningur umhverfisins og þjóðfélagsins af því að markmiðin í 1. mgr. náist og
- (d) markmiðin um ávinning af þessum breytingum á vatnshlotinu geta ekki, vegna þess að þau eru e.t.v. ekki gerleg eða geta ekki vegna óhóflegs kostnaðar, náðst á sanngjarnan hátt með annarri aðferð sem yrði umtalsvert betri kostur með tilliti til umhverfissjónarmiða.

Framangreint ákvæði gr. 4(7) Vatnatilskipunarinnar hefur að hluta til verið innleitt í 18. gr. laga um stjórn vatnamála. Um lykilákvæði er að ræða, enda er óheimilt að veita leyfi fyrir framkvæmdum sem rýra eða kunna að rýra rástand vatnshlots, án þess að undanþága liggi fyrir.

Ákvæði 1. mgr. 18. gr.

Í 1. mgr. 18. gr. laganna segir að Umhverfisstofnun *geti heimilað breytingu á vatnshloti* sem hefur í för með sér að ekki er hægt að ná fram umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. þegar um er að ræða:

- a. breytingar, svo sem vegna mengunar eða í tengslum við loftslagsbreytingar, á vatnsgæðum, vistfræðilegum, vatnsformfræðilegum eða efna- og eðlisefnafræðilegum eiginleikum yfirborðsvatnshlots eða á hæð grunnvatnshlots, eða
- b. ný sjálfbær umsvif eða breytingar sem hafa í för með sér að ástand yfirborðsvatnshlots breytist úr mjög góðu í gott. [...]

Taka þarf til skoðunar hvort að orðalag 1. mgr. 18. gr. fangi með nægilega skýrum hætti kjarna gr. 4(7) Vatnatilskipunarinnar. Við mat á því hvort uppfyllt séu skilyrði 1. mgr. 18. gr. þarf að liggja fyrir ástandsmat á umræddu vatnshloti og áhrifamat breytingar (framkvæmdar/umsvifa) á umhverfismarkmið vatnshlotsins. Setja þarf skýrar fram í ákvæðinu hvaða framkvæmdir/umsvif geta fallið undir það.

Umhverfisstofnun bendir á að fyrir héraðsdómi er nú rekið mál á hendur íslenska ríkinu þar sem deilt er um hvernig túlka beri ákvæði 1. mgr. 18. gr. Niðurstaða dómsins kann að nýtast við endurskoðun ákvæðisins.

Ákvæði 2. mgr. 18. gr.

Þegar fyrir liggur að skilyrði 1. mgr. 18. gr. séu uppfyllt þarf að leggja sjálfstætt mat á það hvort öll skilyrði a.- c. liðar 2. mgr. séu einnig fyrir hendi, þ.e. að:

- a) gripið sé til allra ráðstafana sem raunhæfar teljast til að draga úr skaðlegum áhrifum á ástand vatnshlots,
- b) tilgangur framkvæmdanna eða umsvifanna vegna þyngra vegna almannaheilla og/eða ávinnings fyrir heilsu og öryggi manna eða fyrir sjálfbæra þróun en ávinningur af því að umhverfismarkmið náist
- c) tilgangi framkvæmdanna eða umsvifanna verður ekki með góðu móti náð með umhverfisvænni leiðum vegna tæknilegra erfiðleika eða óhóflegs kostnaðar.

Ekki er ljóst hvaða stofnanir skulu framkvæma mat um einstaka skilyrði ákvæðisins, hvernig og hvenær í ferlinu það mat skuli fara fram. Þá skortir á að fyrir hendi séu skýr viðmið sem unnt er að leggja til grundvallar mati á því hvort skilyrðum a.-c. liðar 2. mgr. 18. gr. geti talist fullnægt. Ákvæði b. liðar setur t.d. fram tvö skilyrði (og nægir að annað sé fyrir hendi) en hvað varðar ástæður um *almannaheill (e. overriding public interests)* þá skortir skýringar á því hvað fellur undir almannahagsmuni. Hvað varðar c. lið skortir m.a. viðmið um það hvenær kostnaður verði að teljast óhóflegur.

Þess má geta að ákvæði 18. gr. laganna er svo að segja samhljóða 12. gr. norsku vatnareglugerðarinnar sem innleiðir gr. 4(7) Vatnatilskipunarinnar. Dómstóll í Noregi hefur nýverið óskað eftir ráðgefandi álitum EFTA-dómstólsins varðandi túlkun á gr. 4(7)(c) Vatnatilskipunarinnar um hvað fellur undir almannahagsmuni. Álitid, þegar það liggur fyrir, mun vafalaust nýtast við endurskoðun ákvæðisins.

Framkvæmd 18. gr. laganna

Brún þörf er á málsmeðferðarreglum fyrir framkvæmd 18. gr. en lögin geyma hvorki málsmeðferðarreglur né leiðbeiningar um það hvernig framkvæmd ákvæðisins skuli háttað. Nauðsynlegt er að endurskoða lögin að þessu leyti, samhliða skoðun á því hvort að beiting heimildar til breytinga ætti að vera hluti af leyfisveitingaferli í stað þess að vera sjálfstæð ákvörðun. Endurskoðun 18. greinarinnar gæti einnig kallað á breytingar annarra laga en leyfisveitingar og ákvarðanir sem snúa að vatni er að finna í mörgum lagabálkum.

Vatnatilskipunin eftirlætur aðildarríkjunum svigrúm til ákveða hvaða stjórnvaldi er falið það hlutverk að meta hvort skilyrði séu uppfyllt til að heimila breytingu á vatnshloti og upphaflega var þess ekki getið í 18. gr. frumvarpsins sem varð að lögum nr. 36/2011 hvaða stjórnvald gæti heimilað slíka breytingu. Því var breytt í meðförum umhverfisnefndar Alþingis í núverandi horf og Umhverfisstofnun falið það hlutverk. Ástæða er því til að benda á að það kann að vera eðlilegra að heimild til breytinga á vatnshloti liggi hjá viðkomandi leyfisveitanda að fenginni umsögn/ráðgjöf eða leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Mat á því hvort skilyrðin séu uppfyllt væri þannig, í stað þess að vera sjálfstæð (stjórnvalds)ákvörðun, hluti af lögbundinni málsmeðferð um afgreiðslu umsóknar um leyfi eða eftir atvikum, umsóknar um breytingu á gildandi leyfi. Í Noregi var t.a.m. farin sú leið að viðkomandi leyfisveitingastjórnvaldi er falið að meta það hvort skilyrðin til að heimila breytingu á vatnshloti séu uppfyllt og þásem hluti af leyfisveitingaferli.

Umhverfisstofnun telur brýnt að settar verði heimildir til gjaldtöku vegna vinnu við afgreiðslu umsókna.

Mat á þeim þáttum sem Umhverfisstofnun er falið að meta skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála skarast að einhverju leyti á við það mat sem fer fram samkvæmt öðrum lögum, m.a. skv. lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun og lögum nr. 61/2006 um lax og silungsveiði svo dæmi séu tekin. Ekki er skýrt af lögunum um stjórn vatnamála hvert hlutverk og ábyrgð annarra stjórnvalda skal vera og óljóst er hvernig (tíma)röð aðgerða á að vera, m.a. hvenær áhrifamat á að fara fram og hver eigi að bera kostnað af gerð þess.

Ákvæði 28. gr. laganna

Samspil umhverfismarkmiða laganna og 18. gr. við 28. gr. kallar á endurskoðun á 28. gr. Samkvæmt 28. gr. laganna skulu opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í Vatnaáætlun, sbr. 1. mgr. Þá hvílir sú skylda á leyfisveitendum, bæði við veitingu nýrra leyfa og við endurskoðun gildandi leyfa, að tryggja að leyfi sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í Vatnaáætlun, sbr.

3. mgr. Þær skyldur sem leiða af 3. mgr. eru ekki bundnar við útgáfu leyfis til nýtingar vatns heldur ná einnig til leyfisveitinga til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu sem og leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki.

Af ákvæðinu mætti ráða að stjórnvöld séu einungis bundin af þeirri stefnumörkun sem sett er fram í Vatnaáætlun enda er í engu minnst á umhverfismarkmið laganna sem öll stjórnvöld eru bundin af og kann að vera skylt að hafna beiðni um leyfi fyrir framkvæmd, nema undanþága skv. 18. gr. liggi fyrir. Vegna þessa er nauðsynlegt að endurskoða 28. gr. þannig að verði skýrt um skyldu stjórnvalda (t.d. sveitarfélaga og leyfisveitenda) til að taka mið af umhverfismarkmiðum laganna við alla ákvörðunartöku, áætlanagerð og leyfisveitingar. Þá þarf einnig að setja fram með skýrum hætti þær kröfur sem gerðar eru til þeirra við mat á því hvort samþykka eða synja skuli beiðni um leyfi.

Samandregið:

- Samræma þarf orðalag 1. mgr. 18.gr. laga við gr. 4(7) Vatnatilskipunarinnar.
- Setja þarf skýrar fram hvaða breytingar geta fallið undir 1. mgr. 18. gr. laganna.
- Taka þarf afstöðu til þess hvort eðlilegra sé að heimild til breytinga á vatnshloti skv. 18. gr. laganna verði hluti af málsmeðferð leyfisveitanda í stað þess að vera sjálfstæð ákvörðun.
- Ákveða þarf málsmeðferð með tilliti til ákvörðunar um hver tekur ákvörðun um undanþágur og einstaka skilyrði skv. 2. mgr. 18. gr. og hvenær það skal gert.
- Ákveða þarf skýrari viðmið og greiningar til að hægt sé að framkvæma mat á einstaka skilyrðum 2. mgr. 18. gr. og hvaða stofnanir framkvæmi mat um einstaka skilyrði.
- Skoða þarf hvort setja þurfi leiðbeiningar um kærueimild í tengslum við framkvæmd 18. gr.
- Endurskoða þarf 28. gr. m.t.t. lögbundinna umhverfismarkmiða laganna og 18. gr. laganna. Setja þarf fram með skýrum hætti að ekki megi gefa út áætlanir eða leyfi fyrir framkvæmdum eða athugun fyrr en áhrif þeirra á umhverfismarkmið vatnshlota hefur verið metin. Verði niðurstaða matsins sú að umhverfismarkmið vatnshlotsins nást ekki þarf að meta hvort skilyrði fyrir undanþágu samkvæmt 18. gr. eru uppfyllt.

Undanþágur skv. 15. – 17. gr. laganna

Umorða þarf ákvæði 15.- 17.gr. laganna þannig að þau endurspegli þá hugsun sem fram kemur í ákvæðum 4. mgr., 5. mgr. og 6. mgr. 4. gr. Vatnatilskipunarinnar.

Þá þarf að gera skýrt hvernig framkvæmd ákvæðanna eigi að vera háttáð og hver skuli bera kostnaðinn af því að meta hvort uppfyllt séu þau skilyrði sem ákvæðin setja.

Hvað varðar 17. gr. sérstaklega þá þarf einnig að skýra hver skuli bera ábyrgðina á því að gripið sé til allra raunhæfra ráðstafana til að koma í veg fyrir frekari rýrnun vatnshlots sem og hver skuli bera kostnaðinn af þeim ráðstöfunum.

Niðurdæling/geymsla koldíoxíðs

Með tilskipun 2009/31/EB um geymslu koldíoxíðs í jörðu (CCS tilskipunin) voru gerðar breytingar á Vatnatilskipuninni til að leyfa niðurdælingu CO₂ í saltvatnsveita til geymslu í jörðu. Slík niðurdæling fellur undir löggjöf ESB um verndun grunnvatns og skal vera í samræmi við b-lið 1. mgr. 4. gr. Vatnatilskipunarinnar og tilskipun 2006/118/EB um verndun grunnvatns gegn mengun og spillingu. Breytingin er gerð með 32. gr. CCS og er með þeim hætti að bætt var við ákvæði j. liðar 3. mgr. 11. gr. Vatnatilskipunarinnar heimild til handa aðildarríkjunum til að heimila niðurdælingu koldíoxíðs til geymslu í jarðmyndunum sem af náttúrulegum ástæðum koma aldrei til með að henta til annarra nota, að því tilskildu; - að slík niðurdæling sé gerð í samræmi við ákvæði CCS-tilskipunarinnar eða að hún falli utan gildissviðs hennar skv. 2. mgr. 2. gr. - og að því tilskildu að slík slepping stefni ekki umhverfismarkmiðum 4. gr. Vatnatilskipunarinnar fyrir viðkomandi grunnvatnshlot í hættu.

Um er að ræða undanþágu frá lágmarkskröfunni um bann við beinni sleppingu mengunarvalda í grunnvatn að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Við upphaflega innleiðingu CCS-tilskipunarinnar voru ekki innleidd ákvæði hennar um niðurdælingu koldíoxíðs í ljósi þess mats íslenskra stjórnvalda að ákvæði hennar væru sniðin að annars konar jarðfræðilegum aðstæðum sem hentuðu ekki til geymslu á koldíoxíði hér á landi. Með lögum nr. 12/2021 um niðurdælingu koldíoxíðs (nú talað um geymslu koldíoxíðs sbr. lög nr. 67/2022) og reglugerð nr. 1430/2022 hafa hins vegar verið innleidd í íslenskan rétt öll ákvæði CCS-tilskipunarinnar. Með lögum nr. 12/2021 voru gerðar breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um umhverfismat og lögum um loftslagsmál. Ekki voru gerðar breytingar á lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og hvorki í lögnum né í frumvarpinu til þeirra er fjallað um lög nr. 36/2011 eða Vatnatilskipunina, að því undanskildu að fram kemur að gerð sé breyting á j.-lið, 3. mgr. 11. gr. Vatnatilskipunarinnar.

Brýnt er að huga að þessu, ekki síst í tengslum við endurskoðun III. kafla, 18. gr. og 28. gr. laganna, sbr. umfjöllun hér framar.

Samandregið:

- Þarft er á að ávarpa tengsl laganna og laga nr. 7/1998 varðandi niðurdælingu/geymslu koldíoxíðs.
- Fara þarf fram greining og mat á því hvaða jarðmyndanir geta af náttúrulegum ástæðum aldrei hentað til annarra nota og gætu þar af leiðandi mögulega hentað til niðurdælingar/geymslu koldíoxíðs. Einnig að greining og mat á staðsetningu verði að

fara fram. Þá þurfi skýr viðmið sem leggja má til grundvallar mati á því hvort heimila eða synja beri beiðni um niðurdælingu koldíoxíðs í grunnvatn.

Grunnvatnsauðlindin

- Tryggja þarf grunnrannsóknir á auðlindum til að geta tekið skynsamur ákvarðanir um sjálfbæra nýtingu þeirra.
- Brýnt er að fram fari greining á grunnvatnsauðlindinni og ástandi grunnvatns. Mikil ásókn er í nýtingu grunnvatns og þörf er á heildaryfirliti yfir nýtingu þess til að tryggja megi að nýting þess sé sjálfbær. Mikilvægt er að grunnvatnsauðlindin sé vöktuð og að gerðar séu kröfur til þeirra sem nýta auðlindina um vöktun og skil á gögnum til viðeigandi stjórnvalds.

Tillaga:

Lagt er til vegna umfangs lagabreytinganna að stofnaðir verði tveir starfshópar sem vinni saman að endurskoðun laganna:

- ✓ Annar hópurinn endurskoði einstaka ákvæði laganna, m.t.t. þeirrar reynslu sem hefur áunnist við gerð fyrstu Vatnaáætlunar. Einnig þarf að kveða skýrar á um umhverfismarkmið laganna m.t.t. meginregla og umhverfismarkmiða Vatnatilskipunarinnar eins og þau hafa verið túlkuð af ESB-dómstólnum, móta ákvæði sem tengir umhverfismarkmið laganna við vatnavefsjána, leiðrétta augljósar villur í skilgreiningum laganna, o.fl.
- ✓ Hinn hópurinn endurskoði 15. -18. gr. laganna m.t.t. þeirra ákvarðana sem teknar verða um málsmeðferð fyrir undanþágur frá umhverfismarkmiðum laganna og þeirra skilyrða sem uppfylla þarf áður en leyfi eru gefin út. Í því sambandi þarf að setja skýrari viðmið sem unnt er að leggja til grundvallar veitingu heimildar til breytingar vatnshlots samkvæmt 18. gr. laga um stjórn vatnamála og setja fram málsmeðferðarreglur um framkvæmd ákvæðisins, þ.m.t. skýrari reglur um hlutverk þess stjórnvalds sem falið er vald til að heimila breytingu á vatnshloti.